

Reglur um fjáraflanir Víðis



Allar fjáraflanir og meðferð fjármuna eru á ábyrgð stjórnar og Unglingaráðs Víðis og því er nauðsynlegt að vel sé vandað til ákvarðana um fjáraflanir. Iðkendur og forráðamenn þeirra skulu vel upplýstir um fyrirhuguð verkefni, kostnað og fjáraflanir sem áætlaðar eru til að standa straum af kostnaði.

1. Fjáraflanir einstakra flokka skulu vera á vegum viðkomandi foreldraráðs eða iðkenda sjálfra, ef þeir eru 18 ára eða eldri. Áður en ráðist er í fjáröflun skal viðkomandi hópur eða foreldraráð tilnefna ábyrgðarmenn fjáröflunarinnar.
2. Áður en ráðist er í fjáröflun á vegum einstakra flokka innan Víðis skal liggja fyrir samþykki Unglingaráðs eða Aðalstjórnar. Leita skal samþykkis með eins góðum fyrirvara og unnt er, tilgreina í hverju fjáröflun er fólgin og til hvaða verkefna verja skal ágóða.
3. Samhliða samþykki unglíngaráðs og aðalstjórnar Víðis skal liggja fyrir hvort þeir muni standa kostnað af þjálfara eða farastjóra fyrir viss verkefni.
4. Ekki er heimilt að leita beint til fyrirtækja um beinan fjárstuðning þar sem slíkt getur stangast á við fjáraflanir deildarinnar til sameiginlegra verkefna, nema með samþykki aðalstjórnar og unglíngaráðs.
5. Ekki er leyfilegt að fara inn á þær fjáraflanir sem eru merktar vissum flokkum nema með leyfi unglíngaráðs eða stjórnar.
6. Í lok hvers tímabils skal foreldraráð skila inn til unglíngaráðs, yfirliti yfir fjáraflanir og til hvaða verkefna fjármunum var varið.
7. Æskilegt er að einstaklingar sem afla fjár til starfsemi Knattspyrnudeildar Víðis séu við fjáraflanir merktir félaginu og gefi upplýsingar fyrir hvern og til hvaða verkefnis fjárins er aflað.
8. Fjáröflun skal miðast við að standa straum af beinum kostnaði vegna viðburðar, svo sem kostnaði við þátttöku í mótum, beinum ferða og dvalarkostnaði. Eingöngu skal safnað fyrir kostnaði vegna iðkenda sjálfra og eftir atvikum fyrir fararstjóra og þjálfara.
9. Ábyrgðarmenn fjáröflunar skulu skilgreina fyrir hverja fjáröflun fyrir sig hvort sé að ræða einstaklings eða hópfjáröflun.
10. Einstaklingar geta ekki fengið endurgreitt það sem safnast hefur þótt viðkomandi hætti við að taka þátt í þeim viðburði sem safnað er fyrir. Í slíkum tilvikum rennur fé sem merkt var viðkomandi einstaklingi í sameiginlegan sjóð flokksins.
11. Ábyrgðarmenn fjáröflunar geta sótt um undanþágur frá reglum þessum. Unglingaráð og stjórn Víðis er heimilt að veita undanþágur að fengnum meðmælum viðkomandi foreldraráðs. Stjórn Víðis og unglíngaráð úrskurðar um öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við safnanir á vegum félagsins og getur sett nánari reglur ef slíkt telst nauðsynlegt.